

2. fundur Skólaráðs – 4. desember 2018.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Hrönn Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, fulltrúi greindarsamfélags, Tara Ósk Markúsdóttir og Guðmundur Pétur Dungal fulltrúar nemendafélagsins, Margrét B. Gunnarsdóttir og Birna Dís Bjarnadóttir, fulltrúar kennara, Anna Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólastjóri. Svanhvít Valería, fulltrúi starfsmanna var í leyfi

Dagskrá:

1. Söngleikurinn fréttir
2. Spjaldvæðing í skólanum
3. Tillögur um matarmál í grunnskólum 2018
4. Skólanámskrá og starfsáætlun skólans
5. Jólhald
6. Önnur mál

1. Söngleikurinn í ár heitir Footloose. Gunnella Hólmarsdóttir er leikstjórinn í ár, annað árið í röð. Andrés Þór Þorvarðarson er tónlistarstjóri. Allt á áætlun samkvæmt leikstjóra, búið að velja í helstu hlutverk og æfingar hafnar hjá dönsurunum.

2. Nýr tölvuumsjónarmaður Kristinn V. Valdimarsson, hefur verið ráðinn í skólann. Tafir hafa orðið á afhendingu á spjöldum á miðstigi og í 8. bekk, bæði vegna nýrra persónuverndarlaga og vegna vankanta sem er að finna á neti skólans. Verið er að vinna í málinu á vegum bæjarins.

3. Starfshópur hjá bænum að skoða matarmálin hjá skólunum. Tillaga hefur verið lögð fram um val á milli eldunar á staðnum eða almennt útboð. Eldhúsin í Víðstaðaskóla (á það við um báðar starfsstöðvar skólans) eru ekki útbúin til matreiðslu heldur eingöngu til framreiðslu. Stefnt er að útboði næsta vetur. Tillögur komu fram um að bjóða hafragraut á morgnana og einnig að bjóða upp á ávaxta og grænmetisáskrift. Stefnt er að því að þetta byrji næsta haust.

4. Starfsáætlun Víðistaðaskóla 2018 – 2019 kynnt og rædd. Skólanámskrá er í uppfærslu.

5. Búið að skreyta skólann var það gert 30. nóvember. Skipulögð jóladagskrá er framundan. Grænfánaafhending á morgun í samsöng á sal.

6. Persónuverndarlögin – persónuverndarfulltrúi Hafnarfjarðar er búinn að hanna eyðublöð vegna myndataka í skólum, á blaðinu eru upplýsingar um hvernig skólinn meðhöndlar myndefni sem teknar eru í skólanum og óskað eftir því að foreldrar skrifa undir það skjal.

Engidalsskóli hefur verið undirmannaður í langan tíma. Ákveðið óöryggi er að hafa einungis einn stjórnanda. Búið er að fá leyfi fyrir 100% stöðu ritara og 50% stöðu deildarstjóra. Lagt verður fyrir á morgun hjá fræðsluráði að skoða að Engidalsskóli verði aftur sjálfstæður skóli.

Fleira var ekki rætt

Fundarritari Margrét B. Gunnarsdóttir

